

II. KAFLI
Sorphreinsunargjöld.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við skrifstofu/fulltrúa sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. desember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

A. Sorpeyðing:

Íbúðarhús	kr. 5.000 á ári
Atvinnurekstur, bújarðir og fl.	kr. 8.000 á ári
Sumarhús	kr. 3.000 á ári

Stærri atvinnurekstur - sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun:

Flokkur A:	kr. 10.000 á ári
Flokkur B:	kr. 20.000 á ári
Flokkur C:	kr. 30.000 á ári

Flokkur D:	kr. 70.000 á ári
Flokkur E:	kr. 100.000 á ári
Flokkur F:	kr. 150.000 á ári

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni sorps.

B. Sorphreinsun:

Sótt vikulega í íbúðarhús kr. 3.000 á ári.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi, nr. 925/1999 og 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

Skeiðahreppi, 30. desember 1999.

Sveinn Ingvarsson oddviti.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blikastaðasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Blikastaðasjóður. Heimili hans er að Hvanneyri í Borgarfirði. Stofnandi sjóðsins er Sigsteinn Pálsson, fyrrverandi bóndi á Blikastöðum í Mosfellssveit og fjölskylda hans. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Helgu Jónínu Magnúsdóttur, fyrrverandi húsfrú á Blikastöðum og hjónin Þ. Magnús Þorláksson og Kristínu Jósafatsdóttur fyrrum ábúendur þar.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 10.000.000 -tíumilljónirkróna- og má eigi skerða höfuðstól þennan. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja nemendur sem lokið hafa háskólanámi frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í landbúnaðarvísindum eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að verðlauna nemendur Landbúnaðarháskólans fyrir framúrskarandi árangur á burtfaraprófi.

Styrkveitingar fari fram í júnímánuði og umsóknir um styrki skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn.

Rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og er hann formaður stjórnar.

Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans. Ekki er heimilt að tilnefna sama mann oft en tvisvar.

Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnendum sjóðsins, en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra. Ekki má tilnefna þennan mann oft en þrisvar.